

	Kr. a.	Kr. a.	140
	Flutt:		
e) Í peningum	317 96	11231 91	
	Gjöld alls:		15166 91

Íslands vesturamt, Reykjavík 17. nóvbr. 1891.

Kristján Jónsson.

settur.

Auglýsing

141

um skilyrði og reglur fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfelaga.

Samkvæmt ályktunum, samþykktum í báðum deildum alþingis 1891 skal um skilyrðin] fyrir veitingu á styrk úr landssjóði til búnaðarfelaga og um reglurnar fyrir útbýtingu styrksins, skipað fyrir svo sem hjer segir:

A. Almenn skilyrði.

- 1, að fjelagið hafi unnið næsta ár á undan því, er styrkurinn er veittur, að minnsta kosti 10 dagsverk fyrir hvern búanda í fjelaginu að meðaltali, og eigi minna en 150 dagsverk alls að þeim jarðabótum, er efla grasrækt og garðrækt;
- 2, að bóunarbrjefunum um styrkinn, sem skulu stýluð til landshöfðingja, fylgi reikningur fyrir næsta ár á undan yfir tekjur og gjöld búnaðarfelags þess, er um styrkinn sækir, og skýrsla um hin unnu störf, útgefin af skoðunarmanni, er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur til þess nefnt;
- 3, að skýrslur skoðunarmanna sje samdar eptir formi því, sem hjer fer á eptir, að á skýrslunum sje tekin fram stærð hverrar jarðabótar, og að skoðunarmaður riti í skýrsluna vottorð sitt um, að hann hafi ekki tekið til greina aðrar jarðabætur en þær, sem vel eru af hendi leystar.

B. Reglur.

1. Þessar jarðabætur skulu teknar upp í skýrslurnar:
 - a, varnargarðar um tún, engi, fjárbæli og matjurtagarða;
 - b, stíflugarðar;
 - c, púfnasljettur;
 - d, flatarmál matjurtagarða (í fyrsta sinn sem þeir eru ruddir);
 - e, skurðir til vörzlu, framræslu og vatnsveitinga;
 - f, lokræsi;
 - g, ábúrdarsafnhús og forir (lagheldar).

Aðgjörðir á gömlum jarðabótum má ekki taka upp í skýrslurnar, og eigi heldur þær jarðabætur, sem áskildar eru í byggingarbrjefum.
2. Jarðabætur skulu lagðar þannig í dagsverk:
 - a. varnargarðar:

úr grjóti 3½ fet á hæð:		
einhláðnir	3	faðmar
tvíhláðnir	1½	—
úr torfi 4½ fet á hæð	5	—
 - b. stíflugarðar 250 teningsfet

